

Kirkjuþing 2023-2024
26. mál – þskj. 26a

T I L L A G A

að starfsreglum um áframhaldandi gildi starfsreglna um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Stefáni Magnússyni.

Frsm. Stefán Magnússon.

1. gr.

Starfsreglur um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingum, halda gildi sínu til 1. júní 2024.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Leikmannastefna var haldin 14. október 2023. Viðræður hafa verið um sameiningu stefnunnar og Sókna sambands Íslands. Fyrirhugað er að vinna tillögur um nýja skipan mála til framlagningar á kirkjuþingi í mars 2024. Núgildandi starfsreglur falla brott að óbreyttu í lok árs 2023. Því er lagt til að starfsreglurnar haldi gildi sínu lengur eða til loka maímánaðar 2024. Með því móti framlengist einnig umboð leikmannaráðs.